

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent til: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um græna utanríkisstefnu, mál no. 568.

Landvernd vill þakka flutningsmönnum fyrir ofangreinda tillögu og styður hana. Þó vill stjórn Landvernd brýna fyrir Alþingi að raunverulegra aðgerða er þörf strax til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi. Gæta verður að því að fyrirliggjandi þingsályktunartillaga dragi ekki athygli, mannafla og fé frá því brýna verkefni.

Stjórn Landverndar leggur til að eftirfarandi, smávægilegar breytingar, verði gerðar á tillögunni:

- Við lið 2 bætist: „Þessi sendiráð taki upp græn skref í ríkisrekstri, haldi grænt bókhald og hafi að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sinni starfssemi (allt flug meðtalið) um 15% á hverju ári.“
- Við lið 3 bætist: „Umhverfis- og loftslagsskrifstofa utanríkisráðuneytisins hafi einnig með höndum að innleiða græn skref í ríkisrekstri í utanríkisráðuneytinu, fylgi eftir og geri aðgerðaáætlun um markmið fyrir ráðuneytið um að draga úr losun um 15% á ári frá starfssemi þess (allt flug meðtalið).“
- Varðandi lið 5 bendir stjórn Landverndar á stuðningur við menntun kvenna í þróunarlöndum er mjög öflug loftslagsaðgerð sem stuðlar að því að hægt verði að ná mörgum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ef smellt er á slóðina má sjá dæmi þar að lútandi:
<https://www.drawdown.org/>.

Þá ætti í tillögunni að koma fram að Ísland leiti mjög náins samstarfs við ríki sem hafa sömu afstöðu eins og norðurlöndin með það að markmiði að tryggja gæði, trúverðuleika og gagnsæi aðgerða til að draga úr losun á Íslandi. Stjórn Landverndar vill einnig taka fram að gæta verður vandlega að því að í grænni utanríkisstefnu felist ekki grænþvottur fyrirtækja og ríkja sem losa mjög mikið af gróðurhúsalofttegundum. Ísland er eitt af þeim ríkjum ef miðað er við höfðatölu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri